

AUGLÝSING

um breytingu á gjaldskrá fyrir kattahald í Hveragerðisbæ nr. 1111/2009.

1. gr.

2. gr. gjaldskrárinnar breytist og orðist svo:

Af skráðum köttum skal innheimta árlegt eftirlitsgjald kr. 3.000 fyrir hvern kött.

Handsömunargjald skv. 11. gr. samþykktarinnar skal vera kr. 2.000 í fyrsta skipti en síðan hækkar það í kr. 4.000 ef til handsömunar kemur aftur innan 6 mánaða frá fyrri handsömun. Að auki skal umráðamaður kattar greiða þann kostnað sem til fellur svo sem dvalar- og geymslukostnað.

Óskráða ketti má ekki afhenda fyrr en að lokinni skráningu, greiðslu skráningargjalds og annars áfallins kostnaðar.

2. gr.

Auglýsing þessi, sem byggir á samþykkt bæjarstjórnar Hveragerðisbæjar frá 30. desember 2010 og sett er með heimild í samþykkt um kattahald í Hveragerðisbæ nr. 556/2007, staðfestist hér með samkvæmt 25. gr. laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir og öðlast gildi þegar við birtingu.

Hveragerði, 26. janúar 2011.

Aldís Hafsteinsdóttir bæjarstjóri.

B-deild – Útgáfud.: 10. mars 2011